

## **Dómur Áfrýjunardómstóls KSÍ**

Ár 2019, miðvikudaginn 11. september kl. 11:45, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Knattspyrnusambandsins í Laugardal, af Jóhannesi Albert Sævarssyni, Kolbeini Árnasyni og Lúðvík Erni Steinarssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2019

Knattspyrnudeild Vals

gegn

Aga og úrskurðarnefnd K.S.Í.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

### **dómur**

#### **I**

Mál þetta dæma Jóhannes Albert Sævarsson, Kolbeinn Árnason og Lúðvík Örn Steinarsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður nr. 9/2019 var kveðinn upp 5. september 2019, en úrskurðarorð voru svohljóðandi:

*„Knattspyrnudeild Vals er veitt áminning. Dagsektir að fjárhæð kr. 5.000 leggjast á Knattspyrnudeild Vals frá og með 15 dögum eftir uppkvaðningu þessa úrskurðar, fyrir hvern dag sem líður þangað til úrbótum á merkingum treyja félagsins hefur verið komið við.“*

Málið varðar meint brot áfrýjanda á grein 3.6. í reglugerð KSÍ um aðbúnað knattspyrnuliða, en þar segir m.a.: *„Gera skal ráð fyrir auglýsingum á báðum ermum treyju fyrir samstarfsaðila viðkomandi deildar hjá öllum liðum í deildinni þegar við á.“*

Til frekari fyllingar er Handbók leikja þar sem stendur: „Treyjur leikmanna í Pepsi Max deildum karla og kvenna skulu bera merkingar frá Pepsi á báðum ermum. Í úrslitaleik Mjólkurbikarsins skulu treyjur bera merkingar keppinnar á báðum ermum. Þessar merkingar standa utan við reglugerð um búnað knattspyrnuliða og takmarka ekki aðrar auglýsingar sem leyfilegar eru á búningum.“

Áfrýjandi sendi áfrýjunardómstól Knattspyrnusambandsins bréf þann 9. september 2019.

## II.

Í bréfi áfrýjanda til áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands eru ekki hafðar uppi kröfur af hálfu áfrýjanda, en fyrir liggur í bréfinu að áfrýjandi viðurkennir þau brot sem félagið var áminnt fyrir í hinum áfrýjaða úrskurði. Vísast að öðru leyti til úrskurðar nr. 9/2019.

Þar sem ekki eru hafðar uppi kröfur í máli þessu verður því vísað frá áfrýjunardómstól Knattspyrnusambands Íslands.

### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá áfrýjunardómstól Knattspyrnusambands Íslands.

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Kolbeinn Árnason [sign]